Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2026-04-22 14:14:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-04-22 14:40:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2026-05-06 08:47:29 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 11. febrúar 2026 klukkan 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes Á. Jóhannesson, áheyrnarfulltrúi og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Fjárhagsáætlanir 2026-2029
- Greinargerðir með fjárhagsáætlunum
- Drög að 435. fundargerð EFS 10.12.2025
- Drög að 436. fundargerð EFS 28.1.2026
- Fjárhagsáætlanir 2026 - yfirlit

1. Samþykkt fundargerðar

Fundargerð 435 frá 10.12.2025 var samþykkt. Ákveðið var að fresta samþykkt fundargerðar 436 frá 18.1.2026 þar til á næsta fundi.

2. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga

Farið var yfir yfirlit fjárhagslegra lykiltalna sveitarfélaga út frá fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árin 2026-2029, ásamt útkomuspám ársins 2025. Öll sveitarfélög uppfylla viðmið skuldareglu miðað við útkomuspá 2025 og fjárhagsáætlun 2026. Þrjú sveitarfélög uppfylla hins vegar ekki skilyrði jafnvægisreglu þegar horft er til ársreiknings 2024, útkomuspár 2025 og fjárhagsáætlana 2026. Þá eru einnig þrjú sveitarfélög sem uppfylla ekki viðmið jafnvægisreglu fyrir tímabilið 2025-2027 samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

Þrátt fyrir að Strandabyggð uppfylli lagaleg skilyrði skuldareglu að svo stöddu gera áætlanir þess ráð fyrir því að skuldaviðmið sveitarfélagsins fari yfir lögbundið hámark á tímabili fjárhagsáætlunar þ.e. á árunum 2027 og 2028. Sveitarfélagið er jafnframt eitt þriggja sem uppfylla ekki skilyrði jafnvægisreglu. Nefndin mun fara betur yfir fjárhagsáætlun Strandabyggðar fyrir næsta fund og eftir atvikum kalla eftir frekari gögnum.

Sveitarfélaginu Árborg hefur tekist að snúa rekstri A+B hluta við og uppfyllir sveitarfélagið þau skilyrði sem kveðið er á um í sveitarstjórnarlögum. Uppgjör sveitarfélagsins fyrir árið 2024 var gott og umfram væntingar en litaðist af einskiptistekjum vegna sölu lands og álags á útsvar. Þrátt fyrir viðsnúning í rekstri er A-hluti sveitarfélagsins enn neikvæður og mun eftirlitsnefndin áfram fylgjast með þróun mála.

Vopnafjarðarhreppur hefur um árabil glímt við veikan rekstur A-hluta, sem rekinn hefur verið með tapi auk þess sem veltufé frá rekstri hefur verið neikvætt. Í október 2025 sendi EFS

sveitarfélaginu erindi þar sem athygli var beint að þessu. Í kjölfarið ákvað sveitarfélagið að ráða utanaðkomandi ráðgjafa til að framkvæma óháða úttekt á rekstri sveitarfélagsins og mun hann skila niðurstöðum sínum og tillögum að úrbótum um miðjan mars. Nefndin fylgist með þróun mála.

Eftirlitsnefndin hefur einnig fylgst náið með fjárhag Grindavíkurbæjar eftir jarðhræringarnar. Ljóst er að sveitarfélagið er ekki komið í bráða fjárþröng en samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun er jafnvægisregla A-hluta neikvæð fyrir árin 2025-2027.

Fundi slitið klukkan 11:51. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.